

## Ályktun um uppbyggingu Tetra sambands samhliða uppbyggingu farnetskerfa á stofnvegum

69. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti haldið á Laugarhóli í Bjarnafirði, 18. og 19. október 2024, lýsir stuðningi við áætlun stjórnvalda að lokið verði á árinu 2026 uppbyggingu farnets á stofnvegum landsins í samstarfi við fjarskiptafyrirtæki. Fjórðungsþing Vestfirðinga bendir hinsvegar á að viðbragðsaðilar hafa lýst þungum áhyggjum að ekki sé samhliða unnið að uppbyggingu Tetra kerfis. Að óbreyttu verði stór svæði á stofnvegum án Tetra sambands og öryggi vegfarenda þar með stefnt í hættu vegna vanbúnaðar viðbragðsaðila.

Fjórðungsþing Vestfirðinga skorar á stjórnvöld og Alþingi að fjármagna uppbyggingu Tetra kerfis samhliða uppbyggingu farnets. Auk stórbætts öryggis fyrir vegfarendur er augljós ávinningur í samnýtingu verktaka og búnaðar við uppsetningu farnets og Tetrakerfis.